

Framtíðarsýn innan heilsugæsluhjúkrunar, 2002

Í þessari bók, Framtíðarsýn innan heilsugæsluhjúkrunar er að finna umfjöllun hjúkrunarfræðinga og annarra um hjúkrun innan heilsugæslunnar. Bókin byggir á erindum sem flutt voru á ráðstefnu sem haldin var á vegum Rannsóknastofnunar í hjúkrunarfræði og Heilsugæslunnar í Reykjavík. Ráðstefnan var haldin haustið 2001 og var tileinkuð minningu dr. Guðrúnar Marteinsdóttur, dósents í hjúkrunarfræði, en hún var brautryðjandi í kennslu og rannsóknum innan heilsugæsluhjúkrunar. Í bókina hafa bæst við kaflar sem ekki voru til umfjöllunar á ráðstefnunni. Bókin gefur góða yfirsýn yfir það fjölbreytilega starf sem hjúkrunarfræðingar vinna innan heilsugæslunnar í dag. Fjallað er um ungbarnavernd, skólahjúkrun, unglunga og þjónustu heilsugæslunnar við þá, reykingavarnir, þjónustu við foreldra, stefnumótun, umönnun aldraðra og starfsánægju hjúkrunarfræðinga svo fát eitt sé nefnt. Bókin ber með sér að hjúkrunarfræðingar sinna störfum af metnaði og eru þeir starfsmenn heilsugæslunnar sem flestallir þjónustuþegnar hafa samskipti við.

*F.h. ritstjóra,
Herdís Sveinsdóttir*